

Samanburður á fjölda tilkynninga til
barnaverndarþjónusta á fyrstu þremur
mánuðum áranna 2022 - 2024

Júlí 2024

Í þessari samantekt er að finna samanburð á fjölda tilkynninga til barnaverndarþjónusta skv. sískráningu barnaverndar á fyrstu þremur mánuðum áráanna 2022, 2023 og 2024. Endanlegar upplýsingar um fjölda tilkynninga koma fram í samtölublöðum barnaverndarþjónusta sem birtast árlega á vefsíðu Barna- og fjölskyldustofu.

Tilkynningum til barnaverndarþjónusta fjölgaði um 16,7% á fyrstu þremur mánuðum ársins 2024 miðað við sama tímabil árið á undan. Fjöldi tilkynninga á fyrstu þremur mánuðum ársins 2024 var 4.462 en 3.825 á sama tímabili árið áður. Tilkynningum fjölgaði í öllum landshlutum, sé miðað við fyrstu þrjá mánuði ársins 2023, mest í Reykjavík eða um 20,3%.

Flestar tilkynningar á fyrstu þremur mánuðum ársins 2024 voru vegna vanrækslu líkt og árin á undan eða 40,4% allra tilkynninga. Næst flestar tilkynningar voru vegna áhættuhegðunar barns eða 33,9% sem er töluvert hærra hlutfall en árin áður. Hlutfall tilkynninga vegna ofbeldis voru 23,2%. Hlutfall tilkynninga þar sem að heilsu eða lífi ófædds barns var stefnt í hættu var um 0,5% á fyrstu þremur mánuðum ársins 2024.

Tilkynningum vegna vanrækslu varðandi umsjón og eftirlit fjölgaði um 10,9% á fyrstu þremur mánuðum ársins 2024 sé miðað við sama tímabil árið 2023 en slíkum tilkynningum hefur farið fjölgandi undanfarin ár. Í 34,1% tilvika bárust slíkar tilkynningar vegna áfengis- og/eða fíkniefnaneyslu foreldris, sem er örlítið lægra hlutfall en árin áður.

Tilkynningum vegna líkamlegs og tilfinningalegs ofbeldis hefur fjölgað ár frá ári, þegar bornar eru saman tilkynningar á fyrstu þremur mánuðum áráanna. Til að mynda fjölgaði tilkynningum vegna líkamlegs ofbeldis á fyrstu þremur mánuðum 2024 um 34,9% miðað við sama tímabil árið áður en 71,3% ef miðað er við 2022.

Mikil aukning hefur orðið á tilkynningum vegna áhættuhegðunar á fyrsta fjórðungi ársins 2024 ef miðað er við sama tímabil árin á undan. Almenn fjölgaði tilkynningum í flokknum áhættuhegðun um 31,8% auk þess sem tilkynningum hefur fjölgað í öllum undirflokkum. Ber þar helst að nefna tilkynningum vegna neyslu barns á vímuefnum sem slíkum tilkynningum hefur fjölgað um 118,9% á milli ára. Þá hefur einnig verið mikil aukning á tilkynningum vegna þess að barn stefnir eigin heilsu og þroska í hættu, eða um 17,5% á fyrsta ársfjórðungi ársins 2024 miðað við sama tímabil árið á undan en 66,5% ef miðað er við sama tímabil ársins 2022.

Flestar tilkynningar bárust frá lögreglu, eða 40,4% allra tilkynninga á fyrstu þremur mánuðum ársins 2024 og hefur þeim fjölgað töluvert miðað við árin á undan. Tilkynningar fóru úr 1.234 í 1.802 sem nemur 46% aukningu á milli ára. Aftur á móti fjölgaði hlutfallslega mest tilkynningum frá nágrönnum, 95,1%, ef bornar eru saman tölur fyrsta ársfjórðungs áráanna 2024 og 2023, en slíkar tilkynningar fóru úr 103 í 201.

Samanlagður fjöldi barna sem tilkynnt var um á fyrstu þremur mánuðum ársins 2024 var 3.329 börn en sambærilegur fjöldi fyrir árið á undan var 2.929 börn. Þess ber að geta að tölur um fjölda barna sem tilkynnt var um eru fengnar þannig að fjöldi barna sem tilkynnt var um í hverjum mánuði fyrir sig er lagður saman. Tilkynningar geta borist um sama barnið á milli mánaða, þannig að hér er ekki alltaf um að ræða fjölda einstaklinga yfir ákveðið tímabil heldur samanlagðan heildarfjölda barna í hverjum mánuði fyrir sig.

Tilkynningar til barnaverndarþjónusta

Fjöldi tilkynninga eftir landsvæði

Landsvæði	Fyrstu þrjú mánuðir 2022		Fyrstu þrjú mánuðir 2023		Fyrstu þrjú mánuðir 2024	
	Fjöldi	Hlutfall	Fjöldi	Hlutfall	Fjöldi	Hlutfall
Reykjavík	1.209	38,2	1.450	37,9	1.745	39,1
Nágrenni Reykjavíkur ¹	849	26,8	1.064	27,8	1.213	27,2
Landsbyggð	1.110	35,0	1.311	34,3	1.504	33,7
Samtals	3.168	100	3.825	100	4.462	100

¹Nágrenni Reykjavíkur tilheyrir öll sveitarfélög á höfuðborgarsvæðinu nema Reykjavík: Hafnarfjörður, Garðabær, Kópavogur, Seltjarnarnes, Mosfellsbær og Kjósarhreppur.


Fjöldi tilkynninga skipt eftir kynjum

Kyn	Fyrstu þrjú mánuðir 2022		Fyrstu þrjú mánuðir 2023		Fyrstu þrjú mánuðir 2024	
	Fjöldi	Hlutfall	Fjöldi	Hlutfall	Fjöldi	Hlutfall
Drengir	1.673	52,8	2.019	52,8	2.444	54,8
Stúlkur	1.477	46,6	1.777	46,5	1.991	44,6
Stálp ¹	2	<0,1	2	<0,1	5	0,1
Ekki vitað ²	16	0,5	27	0,7	22	0,5
Samtals	3.168	100	3.825	100	4.462	100

¹Frá 1. janúar 2020 hefur verið boðið upp á hlutlausu skráningu á kyni, þ.e. utan kynjatvíhyggju, skv lögum um kynrænt sjálfræði 80/2019

²Tilkynningar geta borist vegna ófæddra barna.

Fjöldi tilkynninga fyrstu 3 mánuði hvers árs



Fjöldi barna sem tilkynnt var um eftir landsvæði

Tölur um fjölda barna sem tilkynnt var um eru fengnar þannig að fjöldi barna sem tilkynnt er um í hverjum mánuði fyrir sig er lagður saman. Tilkynningar geta borist um sama barnið á milli mánaða, þannig að hér er ekki alltaf um að ræða fjölda einstaklinga yfir ákveðið tímabil heldur, samanlagðan heildarfjölda barna í hverjum mánuði fyrir sig.

Landsvæði	Fyrstu þrjú mánuðir 2022		Fyrstu þrjú mánuðir 2023		Fyrstu þrjú mánuðir 2024	
	Fjöldi	Hlutfall	Fjöldi	Hlutfall	Fjöldi	Hlutfall
Reykjavík	896	35,5	1.080	36,9	1.239	37,2
Nágrenni Reykjavíkur	693	27,4	847	28,9	910	27,3
Landsbyggð	937	37,1	1.002	34,2	1.180	35,5
Samtals	2.526	100	2.929	100	3.329	100

Fjöldi barna skipt eftir kynjum

Kyn	Fyrstu þrjú mánuðir 2022		Fyrstu þrjú mánuðir 2023		Fyrstu þrjú mánuðir 2024	
	Fjöldi	Hlutfall	Fjöldi	Hlutfall	Fjöldi	Hlutfall
Drengir	1.322	52,3	1.556	53,1	1.820	54,7
Stúlkur	1.189	47,1	1.349	46,1	1.483	44,5
Stálp	2	0,1	1	<0,1	5	0,2
Ekki vitað	13	0,5	23	0,8	21	0,6
Samtals	2.526	100	2.929	100	3.329	100

Fjöldi barna þar sem mál var þegar til meðferðar (opið mál) eða ákveðið var að hefja könnun

	Fyrstu þrjú mánuðir 2022		Fyrstu þrjú mánuðir 2023		Fyrstu þrjú mánuðir 2024	
	Fjöldi	Hlutfall	Fjöldi	Hlutfall	Fjöldi	Hlutfall
Ákveðið var að hefja könnun²	1770	70,1 ¹	1.879	64,2 ¹	1.970	59,2 ¹
<i>Drengir</i>	911	51,5	956	50,9	1.014	51,5
<i>Stúlkur</i>	851	48,1	905	48,2	938	47,6
<i>Stálp eða ekki vitað³</i>	8	0,5	18	0,9	18	0,9
Þar af nýjar kannanir	793	31,4 ¹	1.001	34,2 ¹	987	29,6
<i>Drengir</i>	400	50,4	515	51,5	509	51,6
<i>Stúlkur</i>	388	48,9	477	47,6	465	47,1
<i>Stálp eða ekki vitað³</i>	5	0,6	9	0,9	13	1,3

¹ Hlutfall af þeim börnum sem tilkynnt var um.

² Fjöldi barna þar sem ákveðið var að hefja könnun, mál þegar í könnun eða meðferð (opið mál)

³ Frá 1. janúar 2020 hefur verið boðið upp á hlutlausa skráningu á kyni, þ.e. utan kynjatvíhyggju, skv lögum um kynrænt sjálfræði 80/2019. Hér getur því verið um að ræða barn sem fellur utan kynjatvíhyggju eða ófætt barn.

Ástæður tilkynninga¹

Barnaverndarþjónustur flokka hverja tilkynningu eftir eðli eða meginástæðu tilkynningar, vanrækslu, ofbeldi, áhættuhegðunar barns eða þar sem tilkynnandi telur að heilsa eða líf ófædds barns sé í hættu. Aðeins má merkja við eina aðalástæðu fyrir hverja tilkynningu.

	Fyrstu þrjú mánuðir 2022		Fyrstu þrjú mánuðir 2023		Fyrstu þrjú mánuðir 2024	
	<i>Fjöldi</i>	<i>Hlutfall</i>	<i>Fjöldi</i>	<i>Hlutfall</i>	<i>Fjöldi</i>	<i>Hlutfall</i>
Vanræksla	1.398	44,1	1.649	43,1	1.801	40,4
Ofbeldi	889	28,1	1.000	26,2	1.122	23,2
Áhættuhegðun barna	863	27,3	1.147	30,0	1.512	33,9
Vegna ófædds barns	16	0,5	27	0,7	22	0,5
Alls	3.168¹	100	3.825¹	100	4.462¹	100

¹Auk þeirra tilkynninga sem hér eru rakin, bárust 2 tilkynningar þar sem viðkomandi barn féll utan kynjatvíhyggju árið 2023 og 5 árið 2024. Vegna persónuverndarsjónarmiða koma ástæður þeirra tilkynninga ekki fram í töflunni hér að ofan en eru inn í heildarfjölda tilkynninga, 3.825 tilkynningar árið 2023 og 4.462 árið 2024.

Ástæður tilkynninga, undirflokkar

Líkt og áður segir má aðeins merkja við eina aðalástæðu fyrir hverja tilkynningu. Hins vegar má merkja við fleiri undirástæður t.d. innan vanrækslu. Ef ein tilkynning berst um vanrækslu skal merkja við vanrækslu sem aðalflokk en merkja má t.d. við bæði líkamlega vanrækslu og tilfinningalega. Samanlagður fjöldi aðalflokka fjögurra stemmir því við fjölda tilkynninga en fjöldi innan hvers aðalflokks þarf ekki að stemma við heildartöluna.

Frá 1. janúar 2020 hefur verið boðið upp á hlutlausa skráningu á kyni, þ.e. utan kynjatvíhyggju, skv lögum um kynrænt sjálfræði 80/2019. Auk þeirra tilkynninga sem hér eru rakin, bárust 5 tilkynningar þar sem viðkomandi barn féll utan kynjatvíhyggju. Vegna persónuverndarsjónarmiða koma ástæður þeirra tilkynninga ekki fram í töflunum hér að neðan.

Vanræksla, undirflokkar	Fyrstu þrjú mánuðir 2022		Fyrstu þrjú mánuðir 2023		Fyrstu þrjú mánuðir 2024	
	Fjöldi	Hlutfall	Fjöldi	Hlutfall	Fjöldi	Hlutfall
Vanræksla	1.398		1.649		1.801	
<i>Drengir</i>	727	52,0	884	53,6	942	52,3
<i>Stúlkur</i>	671	48,0	765	46,4	859	47,7
Líkamleg vanræksla	67		80		63	
<i>Drengir</i>	39	58,2	44	55,0	35	55,6
<i>Stúlkur</i>	28	41,8	36	45,0	28	44,4
Vanræksla varðandi umsjón og eftirlit	1.192		1.394		1.546	
<i>Drengir</i>	608	51,0	758	54,4	800	51,7
<i>Stúlkur</i>	584	49,0	636	45,6	746	48,3
Þar af foreldrar í áfengis-og/eða fíkniefnaneyslu	437		515		527	
<i>Drengir</i>	220	50,3	264	51,3	270	51,2
<i>Stúlkur</i>	217	49,7	251	48,7	257	48,8
Vanræksla varðandi nám	110		107		97	
<i>Drengir</i>	52	47,3	56	52,3	58	59,8
<i>Stúlkur</i>	58	52,7	51	47,7	39	40,2
Tilfinningaleg vanræksla	91		119		110	
<i>Drengir</i>	46	50,5	56	47,1	57	51,8
<i>Stúlkur</i>	45	49,5	63	52,9	53	48,2

Ofbeldi, undirflokkar	Fyrstu þrjú mánuðir 2022		Fyrstu þrjú mánuðir 2023		Fyrstu þrjú mánuðir 2024	
	Fjöldi	Hlutfall	Fjöldi	Hlutfall	Fjöldi	Hlutfall
Ofbeldi	889		1.000		1.122	
<i>Drengir</i>	403	45,3	457	45,7	585	52,1
<i>Stúlkur</i>	486	54,7	543	54,3	537	47,9
Tilfinningalegt ofbeldi	484		563		595	
<i>Drengir</i>	249	51,4	261	46,4	320	53,8
<i>Stúlkur</i>	235	48,6	302	53,6	275	46,2
þar af hálfu náins aðila ¹	255		251		225	
<i>Drengir</i>	135	52,9	118	47,0	132	58,7
<i>Stúlkur</i>	120	47,1	133	53,0	93	41,3
Líkamlegt ofbeldi	230		292		394	
<i>Drengir</i>	123	53,5	175	59,9	236	59,9
<i>Stúlkur</i>	107	46,5	117	40,1	158	40,1
þar af hendi náins aðila	73		87		101	
<i>Drengir</i>	43	58,9	52	59,8	52	51,5
<i>Stúlkur</i>	30	41,1	35	40,2	49	48,5
Kynferðisofbeldi	161		185		169	
<i>Drengir</i>	27	16,8	37	20,0	47	27,8
<i>Stúlkur</i>	134	83,2	148	80,0	122	72,2
þar af hendi náins aðila ²	45		21		32	
<i>Drengir</i>	6	13,3	3	14,3	4	12,5
<i>Stúlkur</i>	39	86,7	18	85,7	28	87,5
þar af stafrænt kynferðisofbeldi ³	25		8		17	
<i>Drengir</i>	2	8,0	1	12,5	5	29,4
<i>Stúlkur</i>	23	92,0	7	87,5	12	70,6

¹Í eldri skýrslum var vísað til heimilisofbeldis þegar börn orðu vitni af ofbeldi af hendi náins aðila. Nú hefur verið vikið frá þeirri orðnotkun og vísað til tilfinningalegs ofbeldis af hálfu náins aðila.


²Frá áramótum 2022 voru barnaverndarþjónustur beðnar um að skrá ef að tilkynning vegna líkamlegs eða kynferðislegs ofbeldis væru vegna gruns um ofbeldis af hálfu náins aðila. Hér eru ekki til samanburðarhæfar tölur frá fyrri árum.

³Frá áramótum 2022 voru barnaverndarþjónustur beðnar um að skrá ef að tilkynning vegna kynferðislegs ofbeldis væri vegna stafræns kynferðisofbeldis.

Áhættuhegðun barna, undirflokkar	Fyrstu þrjú mánuðir 2022		Fyrstu þrjú mánuðir 2023		Fyrstu þrjú mánuðir 2024	
	Fjöldi	Hlutfall	Fjöldi	Hlutfall	Fjöldi	Hlutfall
Áhættuhegðun barna	863		1.149		1.512	
<i>Drengir</i>	548	63,5	678	59,1	919	60,8
<i>Stúlkur</i>	315	36,5	469	40,9	593	39,2
Neysla barns á vímuefnum	154		143		313	
<i>Drengir</i>	97	63,0	75	52,4	135	43,1
<i>Stúlkur</i>	57	37,0	68	47,6	178	56,9
Barn stefnir eigin heilsu og þroska í hættu	290		385		425	
<i>Drengir</i>	144	49,7	164	42,6	210	49,4
<i>Stúlkur</i>	146	50,3	221	57,4	215	50,6
Barn kemur sér undan forsjá ¹	-	-	26		58	
<i>Drengir</i>	-	-	9	34,6	24	41,4
<i>Stúlkur</i>	-	-	17	65,4	34	58,6
Afbrot barns	138		211		260	
<i>Drengir</i>	107	77,5	154	73,0	201	77,3
<i>Stúlkur</i>	31	22,5	57	27,0	59	22,7
Barn beitir ofbeldi	181		264		322	
<i>Drengir</i>	154	85,1	219	83,0	264	82,0
<i>Stúlkur</i>	27	14,9	45	17,0	58	18,0
Erfiðleikar barns í skóla, skólasókn áfátt	123		159		168	
<i>Drengir</i>	63	51,2	82	51,6	103	61,3
<i>Stúlkur</i>	60	48,8	77	48,4	65	38,7

¹Hér er um að ræða nýjan flokk en sambærilegar tilkynningar voru áður flokkaðar sem *barn stefnir eigin heilsu og þroska í hættu*.

Ástæður tilkynninga



Hversu oft var barn í yfirvofandi hættu

Fram til ársins 2021 var tilkynnandi beðinn um að meta hvort hann teldi barn í yfirvofandi hættu. Frá og með 1. janúar 2021 er það hlutverk barnaverndarstarfsmanna að meta hvort þeir telji barn í yfirvofandi hættu

	Fyrstu þrjú mánuðir 2022		Fyrstu þrjú mánuðir 2023		Fyrstu þrjú mánuðir 2024	
	Fjöldi	Hlutfall	Fjöldi	Hlutfall	Fjöldi	Hlutfall
Hversu oft var barn í yfirvofandi hættu	164		203		220	
<i>Drengir</i>	92	56,1	105	51,7	103	46,8
<i>Stúlkur</i>	70	42,7	97	47,8	113	51,4
<i>Stálp eða ekki vitað</i>	2	1,2	1	0,5	4	1,8

Tilkynnendur

	Fyrstu þrír mánuðir 2022		Fyrstu þrír mánuðir 2023		Fyrstu þrír mánuðir 2024	
	Fjöldi	Hlutfall	Fjöldi	Hlutfall	Fjöldi	Hlutfall
Barnið sjálft	13	0,4	13	0,3	23	0,5
Ættingjar barns aðrir en foreldrar	165	5,2	105	2,7	94	2,1
Nágrannar	157	5,0	103	2,7	201	4,5
Annað nærumhverfi barns ¹	155	4,9	281	7,3	280	6,3
Önnur barnaverndarþjónusta	55	1,7	55	1,4	33	0,7
Þjónustumiðst./starfsm.félagsþjónustu	101	3,2	137	3,6	147	3,3
Lögregla	1.031	32,5	1.234	32,3	1.802	40,4
Skólaþjónusta	521	16,4	748	19,6	802	18,0
Leikskóli/gæsluforeldri	57	1,8	74	1,9	78	1,7
Íþróttir/tómstundastarf ²	20	0,6	12	0,3	20	0,4
Heilbrigðisþjónusta	398	12,6	509	13,3	460	10,3
Foreldrar barns	232	7,3	288	7,5	306	6,9
Aðrir	263	8,3	266	7,0	216	4,8
Samtals	3.168	100	3.825	100	4.462	100

¹ Hér er um að ræða nýjan flokk tilkynnenda sem tekinn var upp um áramót 2021/2022 og áður voru flokkaðir sem *aðrir*. Í þennan flokk fara til dæmis tilkynningar frá bæjarbúum, stjúpföreltrum, fyrrum stjúpföreltrum og foreldrum vina eða bekkjarfélaga.

² Hér er um að ræða nýjan flokk tilkynnenda sem áður voru flokkaðir sem *aðrir*.